



NÁTTÚRUSTOFA
VESTFJARÐA

Aðalstræti 12
415 Bolungarvík
nave@nave.is

Fornleifaskráning

*Fornleifaskráning í landi
Skeggjastaða í Bakkafirði vegna
fyrirhugaðrar Staðarárvirkjunar*

Atli Rúnarsson

September 2025

NV nr. 24-25

 NÁTTÚRUSTOFA VESTFJARÐA		Dagsetning Mán/ár: September 2025
Skýrsla nr: NV nr. 24-25	Verknúmer: 702	Dreifing: ☐ Opin ☐ Lokuð til: ☒ Háð leyfi verkkaupa
Upplag:	Verkstig:	
Heiti skýrslu: Fornleifaskráning í landi Skeggjastaða í Bakkafirði vegna fyrirhugaðrar Staðarárvirkjunar		Unnið fyrir: Verkís
Höfundur: Atli Rúnarsson		Verkefnastjóri: Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir
ÚTDRÁTTUR Fornleifaskráning vegna fyrirhugaðrar virkjunar í Staðará. Alls voru 15 minjar skráðar, þar af voru 13 vörður, 1 tóft og 1 náttúruminjar sem tengjast þjóðtrú á staðnum.		
Undirskrift verkefnastjóra: 		Yfirfarið af: KSR

EFNISYFIRLIT


1.	Inngangur	4
2.	Aðferðafræði	4
2.1	Tilgangur fornleifaskráningar	4
2.2	Skráning fornleifa	5
3.	Framkvæmdarsvæðið.....	5
3.1	Saga Skeggjastaða	5
4.	Heimildaskrá.....	7
5.	Fornleifaskrá.....	8
6.	Niðurstöður	23
7.	Kort.....	24

1. INNGANGUR

Að beiðni Sigurlaugar Sigurðardóttur hjá Verkís gerði fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða fornleifaskráningu í landi Skeggjastaða í Bakkafirði í Langanesbyggð.

Áformað er að reisa vatnsaflsvirkjun í Staðará í Bakkafirði og er áætlað að afl virkjunarinnar verði 0,99 MW.¹


Svæðið var gengið og minjar mældar upp. Vettvangsvinna fór fram þann 23.7.2025 og var unnin af Atla Rúnarssyni, fornleifafræðingi hjá Náttúrustofu Vestfjarða, og sá hann einnig um skýrslu- og kortagerð.



Mynd 1. Staðsetning skráningarsvæðisins er merkt með gulri stjörnu.

2. AÐFERÐAFRÆÐI

Aðferðafræði rannsóknarinnar byggir fyrst og fremst á fornleifaskráningu á vettvangi en að auki var farið yfir helstu heimildir um jarðirnar, s.s. örnefnaskrár, túnakort, jarðabækur og annað sem getur gefið vísbendingar um fornminjar. Allir minjastaðir voru skráðir og teknir voru staðsetningarpunktar á hverjum stað með Trimble Juno 5 uppmælitæki. Minjastöðum var lýst og ljósmyndir teknar af hverjum stað.



Mynd 2. Yfirlitskort af skráningarsvæðinu.

2.1 Tilgangur fornleifaskráningar

Í lögum um menningarminjar nr. 80 29. júní 2012 segir að lögin eigi að tryggja eftir föngum verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Eins eiga lögin að auðvelda aðgang að minjunum, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Þá er fornleifaskráning bundin skipulagsgerð skv. lögnum, en í 16. gr. segir:

Skýlt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna.

Í 3. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bæn húsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum, vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og

¹ Sjá: Verkís, 2025

rauðablæstri, tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita, vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra, virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum, þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast síðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð, áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum, haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið, skipsflök eða hlutar þeirra.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.

Í 21. grein laga um menningarminjar segir:

fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Sú skylda hvílir á sveitarfélögum eða framkvæmdaaðilum að gera Minjavernd ríkisins viðvart ef fyrirsjáanlegt er að minjar spillist vegna hvers konar framkvæmda eða breytttrar landnotkunar (sjá 12.gr.).

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonunnun umsvifalaust svo skera megir úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megir fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands (24 gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að koma í veg fyrir að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða nauðsynjalausum. Fornleifaskráning nýtist við minjavörslu þegar ákveða á verndun á einstökum minjastöðum. Eins kemur hún að miklum notum vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Þá er hægt að taka tillit til minjanna við skipulagsgerð og nýta þær í rannsókna eða kynningarskyni. Með fornleifaskráningu má einnig stórlega minnka líkur á að fornleifar komi óvænt í ljós við framkvæmdir sem gæti leitt til tafa á viðkomandi verki.

2.2 Skráning fornleifa

Verkefnanúmeri er úthlutað af Minjastofnun Íslands og svæðið hefur verið merkt inn á vefsíða Minjastofnunar og skýrsla skráð þar sem og minjar sem mældar voru upp. Verkefnið fékk númerið 3472 og þar á eftir eru hlaupandanúmer rannsóknarinnar, dæmi: 3472-001.

3. FRAMKVÆMDARSVÆÐIÐ

3.1 Saga Skeggjastaða

Í Sveitir og jarðir í Múlaþingi segir um Skeggjastaði:

„Staðnum fylgdu tvær hjáleigur, Dalhús við samnefnda á og Gæsagil innar og sunnar í landi. Þar var fyrr sel. Afbýli, Barð, stóð við Barðslæk skammt s.a. af bæ, byggt 1834-48. Auk Gæsagilssels er vitneskja um Miðmundasel undir Miðmundafelli (eyktamerki) um 3 km ssv. af bæ.

Bærin er vestanvert við botn Bakkafjarðar austan undir Skeggjastaðahálsum. Jörðin liggur norðan frá sjó vestan Skarfatanga við fjarðarmynni og ssv. á hreppamörk við Hámundarstaði í Vopnafirði innst í Gæsagilsárdrögum. Vesturlandamörk eru við Merkilæk og Staðará innar (sjá Þovaldsst.) en á austurmörkum má nefna Gæsagilsárdrög (syðst), Staðarvatn, Miðmundalæk, Miðmundafell (161) og Bakkaá um 1 km utan við Dalhús langleið til sjávar [...]"²

Skeggjastaðir voru í landnámi Hróðgeirs hvíta Hrappssonar: „Hróðgeir inn hvíti Hrappsson nam Sandvík fyrir norðan Digranes allt til Viðfjarðar ok bjó á Skeggjastöðum.“³ Minnst var á Skeggjastaði í Máldaga Þorláks biskups Þórhallssonar frá 1179⁴ og komu Skeggjastaðir fram í kirknaskrá Skálholtsbiskupsdæmis frá því um 1200 og var þar sagt að kirkja væri að Skeggjastöðum.⁵ Skeggjastaðir komu fram í rekaskrá Skálholtsstaðar frá 1270 og þar var sagt að Skálholt ætti þriðjung í hvalreka fyrir Skeggjastöðum.⁶

Til er máldagi Þorláskirkju á Skeggjastöðum, sem Oddgeir biskup Þorsteinsson setti, frá árinu 1367. Þar kom fram að kirkjan átti áttung í heimalandi, en sjö áttundu hlutar staðarins voru í bændaeygn.⁷ Landamerkjalyking Skeggjastaða frá 1491 var svohljóðandi: „Enn lanndareign a stadurinn vr merkesteine oc j ranngarlæk. jtölulauzann reka vr ranngarlæk oc rettsyne framm j griothlijdir oc suo lanngt framm sem sambydur korckudalzvatne halfu oc halft djuipavatn oc þadann riettsyne auster vm þverr skarafioll j hundzvatn hrygg framarliga oc halft hundzvatn. allar tungur yfir j holkna. vervist oc skipgonngu j litlu to j hafnar lande.“⁸

Árið 1513 seldi Runólfur Jónsson Stepháni biskupi í Skálholti jörðina Skeggjastaði.⁹

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns fyrir Múla- og Skaftafellssýslur brann í brunanum í Kaupmannahöfn 1728.

Í jarðatali Johnsen frá 1847 var sagt að Skeggjastaðir væri kirkjustaður, dýrleikinn var 12, landskuldin 1, kúgildin 3 og ábúandinn væri prestur.¹⁰ Þar var þó einnig sagt um Skeggjastaði á Langanes-ströndum:

„Brauðið er metið 5rd. Prestsetrið Skeggjastaðir >>er í niðurníðslu, hvað hús, tún og eingjar snertir>>. Túnið fóðrar rúmlega 2 kýr, og útiheyskapur er reitingsamur og illt að honum að vinna, en aptur bætir útigangur á vetrardag, og fjara hann upp. Staðurinn á reka allan viðar, og víst 2/3 hvalreka fyrir sínu landi, svo nær hér til fiskiafla og hákarls, þegar því er að sæta. Líka má til hlynninda telja nokkra grasatekju, litla látraveiði þá vel fellur og veiðivatn fram í heiði, sem þó sjaldan verður notað; en önnur hlynnindi og ítök Skeggjastaða eptir máldögum eru gjörsamlega gengin undan.“¹¹

² Ármann Halldórsson, Sigmar Magnússon & Þorsteinn Bergsson, 1974, bls. 37-38

³ Íslendingabók og Landnáma, 1942, bls. 171

⁴ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 1. bindi, 1947-1950, bls. 254

⁵ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 12. bindi, 1947-1950, bls. 3

⁶ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 2. bindi, 1947-1950, bls. 71

⁷ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 3. bindi, 1947-1950, bls. 235

⁸ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 7. bindi, 1947-1950, bls. 17

⁹ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 8. bindi, 1947-1950, bls. 458

¹⁰ J. Johnsen, 1847, bls. 350

¹¹ J. Johnsen, 1847, bls. 363-364

4. HEIMILDASKRÁ

Ármann Halldórsson, Sigmar Magnússon & Þorsteinn Bergsson. 1974. *Sveitir og jarðir í Múlapingi*. Egilsstaðir: Búnaðarsamband Austurlands.

Diplomatarium Islandicum - Íslenskt fornbréfasafn 1-16. bindi. 1947-1950. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Íslendingabók og Landnáma. 1942. Reykjavík: Herbertsprent.

J. Johnsen. 1847. *Jarðatal á Íslandi með brauðlýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. Kaupmannahöfn: S. Trier.

Örnefnaskrá - Skeggjastaðir. án dags. Reykjavík: Örnefnastofnun.

Verkís. 2025. *Staðarárvirkjun í Bakkafirði. Breyting á Aðalskipulagi Langanesbyggðar 2007-2027 og nýtt deiliskipulag*. Reykjavík: Verkís.

5. FORNLEIFASKRÁ

Almennar upplýsingar			
Sýsla	Sveitarfélag	Heiti jarðar	Heiti jarðar 1847
N-Múlasýsla	Langesbyggð	Skeggjastaðir	Skeggjastaðir
Upplýsingar um skráningu			
Skrásetjari	Dagsetning	Austur hnit ISN93	Norður hnit ISN93
Atli Rúnarsson	23.7.2025	686846	618128
Upplýsingar um minjar			
Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Minjaheild
Draugafoss	Náttúruminjar	Draugur	Trú og hefðir
Auðkenni	Tímabil	Ljósmynd / teikning	
3472-001	1550-1900		
Vegghæð	Veggjabykkt		
Ástand	Friðlýst		
Heillegar	Nei		
Horfin	Horfin vegna		
Nei		Mynd 3. Horft vestur að Draugafossi [3472-001].	
Hættumat	Hættuorsök		
Hætta	Vegna framkvæmda		
Lýsing			
Í örnefnaskrá Skeggjastaða segir: „Skammt sunnan við hana rís Fögurhlíðahóll á landamerkjum Breiðamýri allt norður undir Staðará, þó eru mjóar eyrar næst ánni, neðan frá þjóðvegi og upp að sélegum fossi, sem ber hið skuggalega nafn Draugafoss. Ekki eru kunnar neinar draugasögur honum tengdar. Djúpur hylur er undir fossinum. Ekki ber hann nafn, en nægt hefði hann sem drekkingarhylur, ef þarna hefði verið aftökustaður, sem menn hyggja, að verið hafi á fornum þingstöðum og eru sums staðar kunnir. Skeggjastaðir var þingstaður allt frá öndverðu og fram á þennan dag.“			
Ljósmynd / teikning		Umhverfi / staðhættir	
		Draugafoss er í Rauðaá, um 475m frá Norðausturvegi.	
		Athugasemd	
		Heimildir	
Mynd 4. Horft NV að Draugafossi [3472-001].		Örnefnaskrá - Skeggjastaðir	

Almennar upplýsingar			
Sýsla	Sveitarfélag	Heiti jarðar	Heiti jarðar 1847
N-Múlasýsla	Langesbyggð	Skeggjastaðir	Skeggjastaðir
Upplýsingar um skráningu			
Skrásetjari	Dagsetning	Austur hnit ISN93	Norður hnit ISN93
Atli Rúnarsson	23.7.2025	686492	617711
Upplýsingar um minjar			
Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Minjaheild
	Varða	Óþekkt	Óskilgreind
Auðkenni	Tímabil	Ljósmynd / teikning	
3472-002	1550-1900	 Mynd 5. Horft suður yfir vörðu [3472-002].	
Vegghæð	Veggjabykkt		
Ástand	Friðlýst		
Heillegar	Nei		
Horfin	Horfin vegna		
Nei			
Hættumat	Hættuorsök		
Engin hætta			
Lýsing			
Varða, þarf ekki að vera mjög gömul. Varðan er hlaðin ofan á stóran stein og er samtals um 1.6m há, varðan sjálf er um 0.3m.			
Ljósmynd / teikning		Umhverfi / staðhættir	
 Mynd 6. Horft austur yfir vörðu [3472-002].		Á uppblásnum mel rétt austan við Rauðaá, um 550m SV við Draugafoss [3472-001].	
		Athugasemd	
		Utan svæðis.	
Heimildir			

Almennar upplýsingar			
Sýsla	Sveitarfélag	Heiti jarðar	Heiti jarðar 1847
N-Múlasýsla	Langesbyggð	Skeggjastaðir	Skeggjastaðir
Upplýsingar um skráningu			
Skrásetjari	Dagsetning	Austur hnit ISN93	Norður hnit ISN93
Atli Rúnarsson	23.7.2025	686362	617267
Upplýsingar um minjar			
Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Minjaheild
	Varða	Óþekkt	Óskilgreind
Auðkenni	Tímabil	Ljósmynd / teikning	
3472-003	1550-1900		
Vegghæð	Veggjabykkt		
Ástand	Friðlýst		
Heillegar	Nei		
Horfin	Horfin vegna		
Nei			
Hættumat	Hættuorsök		
Engin hættu			
Lýsing			
Varða, þarf ekki að vera mjög gömul. Svipar mjög til vörðu [3472-002]. Varðan er hlaðin á stóran stein og er samtals um 1.6m há. Varðan sjálf er um 0.3m.			
Ljósmynd / teikning		Umhverfi / staðhættir	
		Á uppblásnum mel rétt austan við Rauðaá. Um 460m SSV við vörðu [3472-002]	
		Athugasemd	
		Utan svæðis.	
Heimildir			

Mynd 8. Horft NA yfir vörðu [3472-003].


Almennar upplýsingar			
Sýsla	Sveitarfélag	Heiti jarðar	Heiti jarðar 1847
N-Múlasýsla	Langesbyggð	Skeggjastaðir	Skeggjastaðir
Upplýsingar um skráningu			
Skrásetjari	Dagsetning	Austur hnit ISN93	Norður hnit ISN93
Atli Rúnarsson	23.7.2025	686465	617991
Upplýsingar um minjar			
Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Minjaheild
	Varða	Óþekkt	Óskilgreind
Auðkenni	Tímabil	Ljósmynd / teikning	
3472-004	1550-1900	 Mynd 9. Horft norður yfir vörðu [3472-004].	
Vegghæð	Veggjabykk		
Ástand	Friðlýst		
Vel greinanleg	Nei		
Horfin	Horfin vegna		
Nei			
Hættumat	Hættuorsök		
Hætta	Vegna framkvæmda		
Lýsing			
Varða, um 0.4m há. Varðan er hlaðin úr 6 steinum og líklega hefur steinn sem liggur vestan við vörðuna verið hluti af henni.			
Ljósmynd / teikning		Umhverfi / staðhættir	
 Mynd 10. Horft austur yfir vörðu [3472-004].		Á uppblásnum mel sem liggur á milli Staðarár og Rauðaár, um 280m norðan við vörðu [3472-002].	
		Athugasemd	
Heimildir			

Almennar upplýsingar			
Sýsla	Sveitarfélag	Heiti jarðar	Heiti jarðar 1847
N-Múlasýsla	Langesbyggð	Skeggjastaðir	Skeggjastaðir
Upplýsingar um skráningu			
Skrásetjari	Dagsetning	Austur hnit ISN93	Norður hnit ISN93
Atli Rúnarsson	23.7.2025	686113	617822
Upplýsingar um minjar			
Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Minjaheild
	Varða	Óþekkt	Óskilgreind
Auðkenni	Tímabil	Ljósmynd / teikning	
3472-00	1550-1900	 Mynd 11. Horft norður yfir vörðu [3472-005].	
Vegghæð	Veggjabykk		
Ástand	Friðlýst		
Vel greinanleg	Nei		
Horfin	Horfin vegna		
Nei			
Hættumat	Hættuorsök		
Hætta	Vegna framkvæmda		
Lýsing			
Varða, að mestu hrunin og grjót úr henni liggur í kring. Varðan hefur verið hlaðin ofan á stóran stein og stendur nú í um 0.7m. Varðan sjálf er um 0.4m.			
Ljósmynd / teikning		Umhverfi / staðhættir	
 Mynd 12. Horft austur yfir vörðu [3472-005].		Á uppblásnum með um 400m VSV við vörðu [3472-004].	
		Athugasemd	
		Heimildir	

Almennar upplýsingar			
Sýsla	Sveitarfélag	Heiti jarðar	Heiti jarðar 1847
N-Múlasýsla	Langesbyggð	Skeggjastaðir	Skeggjastaðir
Upplýsingar um skráningu			
Skrásetjari	Dagsetning	Austur hnit ISN93	Norður hnit ISN93
Atli Rúnarsson	23.7.2025	685357	617172
Upplýsingar um minjar			
Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Minjaheild
	Varða	Óþekkt	Óskilgreind
Auðkenni	Tímabil	Ljósmynd / teikning	
3472-006	1550-1900		
Vegghæð	Veggjabykkt		
Ástand	Friðlýst		
Greinanleg	Nei		
Horfin	Horfin vegna		
Nei			
Hættumat	Hættuorsök		
Hætta	Vegna framkvæmda		
Lýsing			
Varða, ekki er um eiginlega hleðslu að ræða heldur er búið að koma þremur steinum inn á milli stórra steina. Gras er farið að vaxa yfir vörðuna á köflum.			
Ljósmynd / teikning		Umhverfi / staðhættir	
		Á uppblásnum mel skammt frá Staðará, um 1km SV við vörðu [3472-005].	
		Athugasemd	
		Heimildir	

Mynd 14. Horft í austur yfir vörðu [3472-006].

Almennar upplýsingar			
Sýsla	Sveitarfélag	Heiti jarðar	Heiti jarðar 1847
N-Múlasýsla	Langesbyggð	Skeggjastaðir	Skeggjastaðir
Upplýsingar um skráningu			
Skrásetjari	Dagsetning	Austur hnit ISN93	Norður hnit ISN93
Atli Rúnarsson	23.7.2025	684906	615936
Upplýsingar um minjar			
Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Minjaheild
	Varða	Óþekkt	Óskilgreind
Auðkenni	Tímabil	Ljósmynd / teikning	
3472-007	1550-1900	 Mynd 15. Horft norður yfir vörðu [3472-007].	
Vegghæð	Veggjabykkt		
Ástand	Friðlýst		
Greinanleg	Nei		
Horfin	Horfin vegna		
Nei			
Hættumat	Hættuorsök		
Hætta	Vegna framkvæmda		
Lýsing			
Varða sem er alveg hrunin, einnig gæti verið um að ræða refagildru en örnefni á staðnum benda á að refir séu á svæðinu sbr. Steinsaxlargreni, Urðarhlíðargreni og Rauðanúpsgreni. Tveir stórir steinar eru hjá hleðslunni og ekki er unnt að segja hvort hleðslan hafi verið ofan á öðrum steininum eða á milli þeirra.			
Ljósmynd / teikning		Umhverfi / staðhættir	
 Mynd 16. Horft austur yfir vörðu [3472-007].		Á uppblásnum mel um 1.3km SV við vörðu [3742-006].	
		Athugasemd	
		Heimildir	
		Örnefnaskrá - Skeggjastaðir	

Almennar upplýsingar			
Sýsla	Sveitarfélag	Heiti jarðar	Heiti jarðar 1847
N-Múlasýsla	Langesbyggð	Skeggjastaðir	Skeggjastaðir
Upplýsingar um skráningu			
Skrásetjari	Dagsetning	Austur hnit ISN93	Norður hnit ISN93
Atli Rúnarsson	23.7.2025	686120	617913
Upplýsingar um minjar			
Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Minjaheild
	Tóft	Óþekkt	Óskilgreind
Auðkenni	Tímabil	Ljósmynd / teikning	
3472-008	1550-1900	 Mynd 17. Uppmæling af tóft [3472-008]	
Veggahæð	Veggjabykk		
0.1 – 0.2m	0.5m		
Ástand	Friðlýst		
Greinanleg	Nei		
Horfin	Horfin vegna		
Nei			
Hættumat	Hættuorsök		
Hætta	Vegna framkvæmda		
Lýsing			
Tóft með óþekkt hlutverk. Tóftin er mjög sigin og þakin lyngi – eitt hólfið og líklegur inngangur á miðri norður hlið. Veggjahæð er frá 0.1 – 0.2m og veggjabreidd er, þar sem hún er greinanleg, um 0.5m.			
Ljósmynd / teikning	Umhverfi / staðhættir		
 Mynd 18. Horft NA yfir tóft [3472-008].	Tóftin er á grónu svæði á uppblásnum mel vestan við Staðará ofan við ónefnt gil. Um 100m norðan við vörðu [3472-005] sem er austan við ána.		
	Athugasemd		
<th>Heimildir</th>			Heimildir

Almennar upplýsingar			
Sýsla	Sveitarfélag	Heiti jarðar	Heiti jarðar 1847
N-Múlasýsla	Langesbyggð	Skeggjastaðir	Skeggjastaðir
Upplýsingar um skráningu			
Skrásetjari	Dagsetning	Austur hnit ISN93	Norður hnit ISN93
Atli Rúnarsson	23.7.2025	686501	618309
Upplýsingar um minjar			
Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Minjaheild
	Varða	Óþekkt	Óskilgreind
Auðkenni	Tímabil	Ljósmynd / teikning	
3472-009	1550-1900		
Vegghæð	Veggjabykkt		
Ástand	Friðlýst		
Heillegar	Nei		
Horfin	Horfin vegna		
Nei			
Hættumat	Hættuorsök		
Hætta	Vegna framkvæmda		
Lýsing			
Varða, um 1m há og mjókkar upp. Mögulega liggur grjót úr henni í kring svo hún hæti hafa verið hærri en hún stendur nú.			
Ljósmynd / teikning		Umhverfi / staðhættir	
		Við mel sunnan við framræst tún Skeggjastaða. Um 500m SV við Norðausturveg.	
		Athugasemd	
		Heimildir	

Mynd 20. Horft N yfir vörðu [3472-009].

Almennar upplýsingar			
Sýsla	Sveitarfélag	Heiti jarðar	Heiti jarðar 1847
N-Múlasýsla	Langesbyggð	Skeggjastaðir	Skeggjastaðir
Upplýsingar um skráningu			
Skrásetjari	Dagsetning	Austur hnit ISN93	Norður hnit ISN93
Atli Rúnarsson	23.7.2025	686633	618244
Upplýsingar um minjar			
Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Minjaheild
	Varða	Óþekkt	Óskilgreind
Auðkenni	Tímabil	Ljósmynd / teikning	
3472-010	1550-1900		
Vegghæð	Veggjabykk		
Ástand	Friðlýst		
Vel greinanleg	Nei		
Horfin	Horfin vegna		
Nei			
Hættumat	Hættuorsök		
Hætta	Vegna framkvæmda		
Lýsing			
Hrunin varða. Grjót úr henni liggur í kring. Varðan er nú um 0.2m há og ekkert sérstakt lag er á henni.			
Ljósmynd / teikning		Umhverfi / staðhættir	
		Um 150m SA við vörðu 3472-010.	
		Athugasemd	
Heimildir			

Mynd 22. Horft norður yfir vörðu [3472-010].

Almennar upplýsingar			
Sýsla	Sveitarfélag	Heiti jarðar	Heiti jarðar 1847
N-Múlasýsla	Langesbyggð	Skeggjastaðir	Skeggjastaðir
Upplýsingar um skráningu			
Skrásetjari	Dagsetning	Austur hnit ISN93	Norður hnit ISN93
Atli Rúnarsson	23.7.2025	686691	618229
Upplýsingar um minjar			
Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Minjaheild
	Varða	Óþekkt	Óskilgreind
Auðkenni	Tímabil	Ljósmynd / teikning	
3472-011	1550-1900		
Veggshæð	Veggjabykkt		
Ástand	Friðlýst		
Vel greinanleg	Nei		
Horfin	Horfin vegna		
Nei			
Hættumat	Hættuorsök		
Hætta	Vegna framkvæmda		
Lýsing			
Varða, aðeins er farið að hrynja úr henni. Varðan er um 0.4m á hæð, hringlótt og botninn er mosavaxinn.			
Ljósmynd / teikning		Umhverfi / staðhættir	
		Um 60m austan við vörðu [3472-010]. Efst á hrygg fast norðan við Staðará þar sem hún sameinast Rauðaá og rennur niður Draugafoss [3472-001].	
		Athugasemd	
		Heimildir	

Mynd 24. Horft NA yfir vörðu [3472-011].

Mynd 23. Horft SA yfir vörðu [3472-011].

Almennar upplýsingar			
Sýsla	Sveitarfélag	Heiti jarðar	Heiti jarðar 1847
N-Múlasýsla	Langesbyggð	Skeggjastaðir	Skeggjastaðir
Upplýsingar um skráningu			
Skrásetjari	Dagsetning	Austur hnit ISN93	Norður hnit ISN93
Atli Rúnarsson	23.7.2025	686806	618180
Upplýsingar um minjar			
Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Minjaheild
	Varða	Óþekkt	Óskilgreind
Auðkenni	Tímabil	Ljósmynd / teikning	
3472-012	1550-1900		
Vegghæð	Veggjabykkt		
Ástand	Friðlýst		
Vel greinanleg	Nei		
Horfin	Horfin vegna		
Nei			
Hættumat	Hættuorsök		
Hætta	Vegna framkvæmda		
Lýsing			
Varða, um 0.4m á hæð og hringlótt. Aðeins er hrúnið úr henni og botninn er mosavaxinn.			
Ljósmynd / teikning	Umhverfi / staðhættir		
	Um 125m SA við vörðu [3472-011]. Efst á hrygg fast norðan við Staðará þar sem hún sameinast Rauðaá og rennur niður Draugafoss [3472-001].		
	Athugasemd		
	Heimildir		

Mynd 26. Horft NA yfir vörðu [3472-012].

Mynd 25. Horft SA yfir vörðu [3472-012].

Almennar upplýsingar			
Sýsla	Sveitarfélag	Heiti jarðar	Heiti jarðar 1847
N-Múlasýsla	Langesbyggð	Skeggjastaðir	Skeggjastaðir
Upplýsingar um skráningu			
Skrásetjari	Dagsetning	Austur hnit ISN93	Norður hnit ISN93
Atli Rúnarsson	23.7.2025	686826	618161
Upplýsingar um minjar			
Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Minjaheild
	Varða	Óþekkt	Óskilgreind
Auðkenni	Tímabil	Ljósmynd / teikning	
3472-013	1550-1900		
Vegghæð	Veggjabykk		
Ástand	Friðlýst		
Vel greinanleg	Nei		
Horfin	Horfin vegna		
Nei			
Hættumat	Hættuorsök		
Hætta	Vegna framkvæmda		
Lýsing			
Varða, um 1m há og stendur á smá þúfu þannig hún er hærri í landslaginu, um 1.2m. Frekar heilleg en stöku steinar í kring gætu verið úr henni.			
Ljósmynd / teikning		Umhverfi / staðhættir	
		Um 25m SA við vörðu [3472-012]. Efst á hrygg fast norðan við Staðará þar sem hún sameinast Rauðaá og rennur niður Draugafoss [3472-001]. Á grasivöxnum blett við uppblásinn mel.	
		Athugasemd	
		Heimildir	

Mynd 28. Horft NV yfir vörðu [3472-013].

Almennar upplýsingar			
Sýsla	Sveitarfélag	Heiti jarðar	Heiti jarðar 1847
N-Múlasýsla	Langesbyggð	Skeggjastaðir	Skeggjastaðir
Upplýsingar um skráningu			
Skrásetjari	Dagsetning	Austur hnit ISN93	Norður hnit ISN93
Atli Rúnarsson	23.7.2025	686834	618158
Upplýsingar um minjar			
Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Minjaheild
	Varða	Óþekkt	Óskilgreind
Auðkenni	Tímabil	Ljósmynd / teikning	
3472-014	1550-1900	 Mynd 29. Horft austur yfir vörðu [3472-014].	
Vegghæð	Veggjabykk		
Ástand	Friðlýst		
Vel greinanleg	Nei		
Horfin	Horfin vegna		
Nei			
Hættumat	Hættuorsök		
Hætta	Vegna framkvæmda		
Lýsing			
Varða, nánast alveg hrunin. Varðan er nú um 0.2m há og ekkert sérstakt lag er á henni.			
Ljósmynd / teikning		Umhverfi / staðhættir	
 Mynd 30. Horft NV yfir vörðu [3472-014].		Um 9m austan við vörðu [3472-013]. Efst á hrygg fast norðan við Staðará þar sem hún sameinast Rauðaá og rennur niður Draugafoss [3472-001].	
		Athugasemd	
		Heimildir	

Almennar upplýsingar			
Sýsla	Sveitarfélag	Heiti jarðar	Heiti jarðar 1847
N-Múlasýsla	Langesbyggð	Skeggjastaðir	Skeggjastaðir
Upplýsingar um skráningu			
Skrásetjari	Dagsetning	Austur hnit ISN93	Norður hnit ISN93
Atli Rúnarsson	23.7.2025	686865	618160
Upplýsingar um minjar			
Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Minjaheild
	Varða	Óþekkt	Óskilgreind
Auðkenni	Tímabil	Ljósmynd / teikning	
3472-015	1550-1900		
Vegghæð	Veggjabykkt		
Ástand	Friðlýst		
Vel greinanleg	Nei		
Horfin	Horfin vegna		
Nei			
Hættumat	Hættuorsök		
Hætta	Vegna framkvæmda		
Lýsing			
Varða, er fjórir steinar sem hlaðnir hafa verið ofan á stóran stein, þarf ekki að vera mjög gömul. Varðan sjálf er um 0.3m há en stendur í um 1m ofan á steininum.			
Ljósmynd / teikning		Umhverfi / staðhættir	
		Efst á hrygg fast norðan við Staðará þar sem hún sameinast Rauðaá og rennur niður Draugafoss [3472-001].	
		Athugasemd	
		Heimildir	

Mynd 32. Horft norður yfir vörðu [3472-015].

6. NIÐURSTÖÐUR

Alls voru 15 minjar skráðar og þar af voru 13 af þeim innan fyrirhugaðs framkvæmdarsvæðis. Af þeim 15 voru 13 vörur, 1 náttúruminjar/þjóðsögustaður og 1 tóft.


Þar sem endanlegt skipulag fyrir svæðið liggur ekki fyrir voru allar minjarnar skráðar í hættu vegna fyrirhugðra framkvæmda, að undantöldum vörðum **[3472-002 & 003]** sem voru utan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis.

Allar vörðurnar voru skráðar með óþekkt hlutverk, en ekki er víst hvað þær hafi átt að varða, þar sem engar augljósar leiðir eru á svæðinu. Ein tóft með óþekkt hlutverk var skráð og gæti hún verið þó nokkuð gömul **[3472-008]** en hlutverk hennar var einnig óljóst. Náttúruminjarnar sem skráðar voru var Draugafoss **[3472-001]** en staðir tengdir þjóðtrú og draugum teljast til fornminja, eins er því hent fram í örnefaskrá að þar gæti hafa verið mögulegur drekkingarhylur Skeggjastaðapings.¹²


Einnig er vert að benda á að, samkvæmt lögum um menningarminjar, ef áður óþekktar minjar koma í ljós við framkvæmdir skal stöðva framkvæmdina strax og tilkynna fundinn til Minjastofnunar Íslands sem mun þá taka ákvörðun um framhaldið.

¹² Örnefnaskrá - Skeggjastaðir

7. KORT



- Staðsetning fornminja
- Mælingar - flákar
- Skráningasvæði




Yfirlitskort yfir skráðar minjar vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Staðarárþvirkjun.

Kort 1 Skali 1:25000

Náttúrustofa Vestfjarða

Atli Rúnarsson



- Staðsetning fornminja
- Mælingar - flákar
- Skráningarsvæði


0 0.25 0.5 km

Skráðar minjar á sunnanverðu skráningarsvæðinu.


Kort 2 Skali 1:10000

Náttúrustofa Vestfjarða

Atli Rúnarsson



- Staðsetning fornminja
- Mælingar - flákar
- Skráningarsvæði



Skráðar minjar á norðanverðu skráningarsvæðinu.

Kort 3 Skali 1:5000

Náttúrustofa Vestfjarða

Atli Rúnarsson